


II

Steinþró á Þórustöðum, Vatnsleysuströnd



© Guðmundur Ólafsson/Þjóðminjasafn Íslands 2005.

Skýrslan er unnin upp úr frumgögnum frá 1984.

Forsíðumynd: Flatarteikning af skurði meðfram vegg húsagrunnsins.

Steinþró á Þórustöðum, Vatnsleysuströnd

Aðdragandi

Þann 9. mars árið 1984 brann íbúðarhúsið á Þórustöðum í Vatnsleysustrandahreppi (2506) til grunna. Eftir brunann stóð fyrst til að byggja húsið á sama stað og var grafin skurður sunnan, vestan og austan við gömlu útveggi hússins. Talið er að húsið hafi verið byggt árið 1884, að hluta úr viðum togarans James-Town sem strandaði í Höfnum.¹

Suðvestan við húsið komu fram í skurðinum miklar grjóthleðslur, og þykkt viðarkola- og sótlag, á um 1 m dýpi. Einnig fundust þar stórar hellur sem reistar voru upp á rönd og lágu þvert á skurðinn. Taldi Páll að þar væri fundinn forn langeldur.

Þjóðminjasafni Íslands var gert viðvart um þennan fund og fór skýrsluhöfundur á staðinn þann 6. júní 1984 og kannaði fornleifarnar á vettvangi ásamt Þorkeli Grímssyni, safnverði, og Loga Sigmundssyni, háskólanema.



Horft til norðurs heim að húsgrunni bæjarins á Þórustöðum. Skurðurinn sem minjarnar fundust í er í kriknum sunnan við grunninn. (GÓL 9106-01).

Vettvangsrannsókn

Öll lausamold var fjarlægð úr skurðinum suðvestan við húsið og hreinsað frá hleðslum sem þar voru sýnilegar. Ljóst var að þarna undir væru leifar af eldri bæjarrúst sem ekki voru nein tæk á að rannsaka frekar að þessu sinni. Rannsóknarsvæðið var því ekki stækkað út fyrir út fyrir skurðinn sem tekinn hafði verið. Teiknuð var afstöðumynd af svæðinu í mælikvarða 1:20 og sniðteikning í sama mælikvarða var gerð af skurðbakkanum við eldstæðið. Teknar voru nokkrar myndir á staðnum, en því miður voru birtuskilyrði afar slæm í skurðinum vegna mikilla skugga.

Er hreinsað hafði verið frá hinu ætlaða eldstæði, kom í ljós að um var að ræða ferhyrnda steinþró. Þrjár hliðar voru gerðar af þremur stórum tilhöggnum hraunhellum.

¹ Guðmundur B. Jónsson 1987:310. Mannlíf og mannvirki í Vatnsleysustrandahreppi. Hafnarfjörður.




Horft niður í skurðinn. Steinþró er vinstra megin við miðja mynd. (GÓL 9106-02).



Efsti hluti steinþróar. Til vinstri sést dökk gólfskán nr. 11 og mislitu moldarlögin undir henni. (GÓL 9106-04).

Fjórða hliðin var hlaðin úr minni hellum. Steinþróin er um 100 x 65 cm að utanmáli og um 85 x 45 cm að innanmáli. Hún var full f viðarkolum og sóti. Vélgrafa hafði brotið nokkuð efst af hraunhellunum þegar skurðurinn var grafinn. Dýpt þróarinnar var um 50 cm.




Flatarteikning af minjum í skurðinum við húsgrunninn.

Austan megin við efri brún þróarinnar, á um 80 cm dýpi, var viðarkolagólf á um 1 m breiðu svæði. Þetta gólf virtist enda við þróna og var ekki hægt að greina það vestan við hana.

Um 30 cm vestan við þróna, á um 80 cm dýpi, voru leifar af grjóthleðslu, sem virtist hafa legið samsíða þrónni. Grafan hafði að mestu eyðilagt þessa hleðslu.

Austan við suðurgöfl þróarinnar voru þrjár steinar í röð í viðarkolagólfinu. Þeir virðast tilheyra yngsta byggingar/notkunarkeiði þróarinnar.

Vestast í skurðinum var komið niður á stóra grjóthleðslu sem lá í norður-suður samsíða þrónni. Hún virtist tilheyra ytri veggjarbrún á hleðslu sem hafði verið grafin burt að öðru leyti.



Sniðteikning af skurðbakka við steinþró. Könnunarhola var grafin niður með þrónni til að kanna afstöðu hennar við eldri mannvistarlag.

Snið

Til þess að kanna dýpt mannvistarlaga var grafin 70 x 30 cm breiður skurður niður með vesturhlið steinþróarinnar. Þar kom í ljós að um 145 cm voru niður á óhreyfðan jarðveg. Við botn þróarinnar á um 120 cm dýpi kom einnig í ljós um 20 cm þykkt mannvistarlag, líklega gólflag, sem tilheyrir elsta byggingarskeiði þróarinnar. Það var þétt, svart, blandað grasi og sóti. Það var lagskipt að hluta. Neðst í þessu lagi mátti greina bæði vel varðveittar greinar og viðarkurl.

Lýsing á sniði:

1. Brún, hreyfð mold.
2. Dökkbrún mold.
3. Dökkbrún mold. Sama og lag 2.
4. Ljósbrún mold.
5. Ljósbrún mold. E.t.v. leifar af torfhleðslu? Engin lagskipting sást.
6. Steinn í hleðslu.
7. Viðarkol og sótt yfir steinþró.
8. Hraunhella, reist á rönd. Austurhlið steinþróar.
9. Hraunhella, reist á rönd. Vesturhlið steinþróar.
10. Sótt, viðarkol og móaska í steinþró.
11. Viðarkol og sótt. Gólfskán austan við steinþró.
12. Ljósbrún mold. Lög 12 – 20 eru mislit moldarlög, ljós og dökk til skiptis.
13. Dökkbrún mold.
14. Ljósbrún mold.
15. Dökkbrún mold.
16. Ljósbrún mold.
17. Dökkbrún mold.
18. Ljósbrún mold.

19. Dökkbrún mold.
20. Ljósbrún mold.
21. Mannvistarlag, líklega gólfskán. Þétt svart lag blandað með grasi og sóti. Nokkur lagskipting. Neðst í laginu eru trjágreinar og fleiri viðarleifar.
22. Óhreyft.
23. Ógrafið
24. Ógrafið

Númer við einstök lög eiga líka við númer á flatarteikningu.

Fundir

Engir markverðir munir fundust við rannsóknina. Eini hluturinn sem fannst var lítill peningur frá 19. öld sem var í lausamold og virtist hafa hrunið úr bakkanum ofan í skurðinn.

Niðurstöður

Greinilegt er að bæjarhús á Þórustöðum hafa staðið á sama stað mjög lengi. Mannvistarleifar náðu allt niður á 1, 45 m undir núverandi yfirborð og þykkt neðstu gólfskánar bendir til þess að elsti bærinn hafi staðið mjög lengi á þessum stað.

Því miður fundust engir gripir eða gjóskulög sem hægt var að nota til aldursgreiningar, en ætla má út frá þykkt mannvistarlaganna að búseta sé þarna mjög gömul. Af þeim sökum var þess óskað að ekki yrði raskað meira á þessum stað og að nýju húsi yrði fundið nýtt bæjarstæði.